

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 45/2020

2023/EES/16/16

frá 20. mars 2020

um breytingu á XX. viðauka við EES-samninginn (Umhverfismál)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1372 frá 19. ágúst 2019 um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2007/2/EB að því er varðar vöktun og skýrslugjöf ⁽¹⁾.
- 2) Framkvæmdarákvörðun (ESB) 2019/1372 fellir úr gildi ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/442/EB ⁽²⁾, sem hefur verið tekin upp í EES-samninginn og ber því að fella gerðina brott úr samningnum.
- 3) XX. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRÐUN:

1. gr.

Eftirfarandi kemur í stað texta liðar 1jb (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/442/EB) í XX. viðauka við EES-samninginn:

„**32019 D 1372:** Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1372 frá 19. ágúst 2019 um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2007/2/EB að því er varðar vöktun og skýrslugjöf (Stjtið. ESB L 220, 23.8.2019, bls. 1).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarákvörðunar (ESB) 2019/1372, sem verður birtur í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 21. mars 2020, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram ^(*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild Stjórnartíðinda Evrópusambandsins og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 20. mars 2020.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Clara Ganslandt

formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 220, 23.8.2019, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 148, 11.6.2009, bls. 18.

^(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.